



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013.

Samráð hófst

2. september 2021

Samráði lauk

13. september 2021

Fjöldi umsagna

5

Umsagnaraðilar

Dalvíkurbyggð.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Dalabyggð.

Mosfellsbær.

Þjóðskjalasafn Íslands.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013 voru lögð fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is, dagana 2. september 2021 til 13. september 2021. Fimm umsagnir bárust og voru þær frá Dalvíkurbyggð, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Dalabyggð, Mosfellsbæ og Þjóðskjalasafni Íslands.

Umsagnaraðilar voru allir sammála um að fullt tilefni væri til þess að afnema skyldu sveitarfélaga til að halda innbundnar gerðabækur og jafnvel kom fram að í umsögn Þjóðskjalasafns Íslands að slík skylda tæki ekki mið af þróun í rafrænni stjórnsýslu og við varðveislu rafrænna gagna. Ættu leiðbeiningarnar því ekki að kveða á um á hvaða varðveisluformi fundargerðir ættu að vera. Þá voru auk þess í umsögnunum margar gagnlegar ábendingar, bæði er varða orðalag en einnig er varða efni.

Umsagnaraðilum er þakkað fyrir umsagnir sínar.

Að loknu samráði

Þegar farið hafði verið yfir þær umsagnir sem bárust þótti efni þeirra gefa tilefni til þess að breytingar yrðu gerðar á drögunum og þau aðlöguð því sem fram kom í umsögnunum. Má þar í dæmaskyni nefna að skylda til þess að halda gerðabækur var afnumin, greinum voru gefin heiti og fundargerð skal nú lesa yfir. Þá var heiti leiðbeininga um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna breytt í leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna.

Leiðbeiningarnar hafa nú verið gefnar út og birtust þær í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. október 2021. Auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna er nr. 1181/2021 og auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna nr. 1182/2021.